

Sveitarstjórn Dalabyggðar

Umhverfis- og skipulagsnefnd Dalabyggðar

Áskorun, varðandi umsóknir um framkvæmdaleyfi til skógræktar á lögbýlum

Stjórn Félags sauðfjárbænda hefur fylgst með þeirri umræðu sem verið hefur, um störf umhverfis- og skipulagsnefndar Dalabyggðar, er varðar framkvæmdaleyfi til skógræktar á lögbýlum. Heyra má að ekki eru allir sammála hvaða leið á að fara innan sveitarstjórnar en greinilegt að umhverfis- og skipulagsnefnd vinnur eftir ákveðinni stefnu.

Um nokkurt skeið hefur staðið til að fara í gerð nýs aðalskipulags fyrir Dalabyggð, þar inni á að fara í ákveðna flokkun á landi og hefur Dalabyggð gefið það út að flokkun á ræktanlegu landi sé þar í forgangi og eigi að liggja fyrir í mars. En núna fyrst hyllir undir að sú vinna hefjist formlega, enda búið að gera samning við verktaka til að vinna þessa vinnu fyrir Dalabyggð. Fram að því hefur umhverfis- og skipulagsnefnd frestað öllum þeim málum sem snúa að framkvæmdaleyfi til skógræktar, (þar sem auðséð er að um ræktanlegt land er að ræða), þar til stefna hefur verið mótuð hjá sveitarfélaginu varðandi notkun á landi tengdu landbúnaði.

Afstaða stjórnarinnar í þessu máli er skýr og hér á eftir kemur rökstuðningur okkar á málinu:

- Í fyrsta lagi fögnum við því að vinna sé að hefjast við gerð nýs aðalskipulags og að Dalabyggð ætli að setja sér stefnu um notkun á landi tengdu landbúnaði. Þarna eru menn eflaust að tala um land í ræktun og land sem hægt er að rækta.
- Ræktanlegt land er takmörkuð auðlind sem ber að verja. Þó skógrækt sé búgrein þá getur hún vel virkað á öðru landi en ræktanlegu. Sauðfjárrækt og nautgriparrækt, sem flokkast til hefðbundinna búgreina, er stunduð til að tryggja fæðuöryggi manna. Ekki er hægt að stunda þann búskap á hvaða landi sem er. Ástæðan fyrir því er, eins og þið vitið, að hér á Íslandi þarf að vera búið að tryggja ákveðinn fóðurforða fyrir stóran hluta ársins. Þessi fóðurforði fæst af ræktanlegu landi.
- Undanfarna áratugi hefur orðið talsverð fækkun til sveita. Jarðir hafa fallið úr búskap. Víða er það þannig að sökum fámennis er orðið erfiðara en áður að stunda hefðbundinn búskap. Ástæðan fyrir því er að mörg verk þarf að vinna sem krefjast samvinnu bænda á milli, eins og t.d. smalamenskur. Eins er það þannig að sökum tækniþróunar sem orðið hefur í landbúnaði, (sem ber að þakka fyrir), hafa margir bændur tekið sig saman um notkun á landbúnaðartækjum til að tryggja hagkvæmari rekstur. Öll þessi samvinna verður svo miklu erfiðari ef við höfum ekki nágranna í sömu sporum og maður sjálfur. Nágranna sem vinna að sama markmiði. Nágranna sem veita manni félagslegan stuðning. Nágranna sem hefur eftirlit með manni.
- Nauðsynlegt er að Dalabyggð setji sér stefnu hvernig hún vill halda sveitinni í byggð. Hvernig vill Dalabyggð tryggja að jarðir, með góðu ræktuðu landi, haldist áfram í

hefðbundnum búskap og haldi þar með áfram að tryggja fæðuöryggi okkar? Ef að stefna Dalabyggðar verði sú að ekki verði leyfð skógrækt í ræktuðu landi, myndi það vissulega tryggja það að góðar bújarðir, með miklu ræktanlegu landi, myndu síður seljast til skógarbænda. Auðvitað er það þannig að það er kostur fyrir skógarbónda að kaupa jörð með miklu ræktanlegu landi, þar sem auðveldara er fyrir slíkan bónda að planta á slíku landi, bæði vinnulega og tækjalega séð. Þannig jarðir með miklu ræktanlegu landi yrðu alltaf ákjósanlegar fyrir skógarbændur. En þessar jarðir eru lífsnauðsynlegar fyrir bændur sem stunda hefðbundin búskap, svo okkur ber skylda, sem landbúnaðarsveitarfélag, að setja hömlur á það hvaða búskapur er stunduður á ræktanlegu landi, einfaldlega til að tryggja byggð þeirra sem vilja stunda hefðbundin búskap.

- Skógrækt getur vel farið saman með hefðbundnum búskap, enda fylgja nær öllum jörðum talsvert land sem ekki telst til ræktanlegs lands. Og rétt er það sem bent hefur verið á að bæði sauðfjár- og kúabændur hafa samþykkt tillögur um sérstakt kolefnisbindingaráttak þar sem skógrækt er efst á blaði. Miklar líkur eru á að þeir bændur sem fari í áttak við að kolefnisbinda sinn búskap geri það á svæðum sem þeir eru ekki að nýta nú þegar í sínum búskap og þar koma hlíðar, fjallendi og ógróin svæði sterkt til greina.

Svona umræða, eins og fram hefur farið í sveitarstjórn, setur vissulega pressu á alla aðila, þ.e. sveitarstjórn og umhverfis- og skipulagsnefnd. Enda allir aðilar að reyna að vanda sig eins vel og þeir geta. Stjórn Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu vill samt koma því á framfæri að hún styður ákvarðanir umhverfis- og skipulagsnefndar og skorar á hana að standa í lappirnar í þessu máli. Jafnframt hvetur hún sveitarstjórn Dalabyggðar til að tryggja það að tímaramminn, við gerð nýs aðalskipulags, standist svo umhverfis- og skipulagsnefnd geti tekið ákvarðanir í sínum störfum eftir ákveðinni stefnu.

Virðingarfyllt

Stjórn Félags sauðfjárbænda í Dalasýslu

Anna Berglind Halldórsdóttir

Jón Ingi Ólafsson

Þórun Elva Þórðardóttir

Þórarinn Birgir Þórarinsson

Svavar Magnús Jóhannsson